



Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Bt/Péturs Inga Haraldssonar
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Gunnarsholti 12.janúar 2018

Efni: Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps - verslun og þjónusta í Reykholti

Landgræðslu ríkisins barst til umsagnar breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 17/1965, einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppræðslu eyddra og vangróinna landa.

Landgræðslan gerir ekki efnislegar athugasemdir við breytinguna en leggur áherslu á að við frágang efnistökusvæða sem og vegna annarra framkvæmda er mikilvægt að hvorki verði eftir lýti á landi né hætta á uppfoki og/eða gróðurskemmdum. Á þessu svæði er jarðvegur mjög rofgjarn og t.d. þarf lítinn vind svo uppfok hefst. Þar sem gróðri er raskað er æskilegt að haga aðgerðum þannig að gróður og efstu jarðvegslög séu varðveitt til að nýta í frágang svæða síðar. Þannig megi mögulega flýta fyrir framgangi staðargróðurs, nýta efnivið sem þegar er til staðar og auka líkur á að frágangur svæða falli að nærumhverfi.

Landgræðsla ríkisins er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf, um jarðvegs- og gróðurvernd sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslu ríkisins
Gústav M. Ásbjörnsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs